

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 15/2000

frá 28. janúar 2000

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/97 frá 30. apríl 1997⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/391/EB frá 31. maí 1999 um spurningalista varðandi tilskipun ráðsins 96/61/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/692/EBE)⁽²⁾, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2g (tilskipun ráðsins 96/61/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„2h. **399 D 0391:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/391/EB frá 31. maí 1999 um spurningalista varðandi tilskipun ráðsins 96/61/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/692/EBE) (Stjtið. EB L 148, 15.6.1999, bls. 39).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 242, 4.9.1997, bls. 76 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 37, 4.9.1997, bls. 100.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 148, 15.6.1999, bls. 39.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/391/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. janúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. janúar 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

F. Barbaso

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.